Dagur íslenskrar náttúru
Sögur af vættum sem búa í náttúrunni

Dagur íslenskrar náttúru er 16. september ár hver. Sögur af vættum, sem búa í náttúrunni og vaka yfir henni hver með sínum hætti, er þema dagsins í ár.

Í tilefni dagsins hefja grunnskólar Fjarðabyggðar söfnun á þeim mörgu og skemmtilegu sögnum sem til eru um vættir í náttúru Fjarðabyggðar.

Þetta mega vera sögur af tröllum, huldufólki, sjárvarvættum, fossbúum eða nykrum.

Í raun skiptir ekki máli hver vætturinn er, svo framarlega sem hann tengist stórbrotinni náttúru Fjarðabyggðar.

Nemendur í 7. til 10. bekk grunnskólans gerast sagnaritarar og leita uppi sagnabrunna í sínu nærumhverfi. Kann einhver í fjölskyldunni góða sögu af tröllum eða öðrum kynjaverum?

Þetta mega vera fleiri saga en ein. Aðalatriðið er að skrifa söguna niður og senda inn í saganasöfnunina. Sett hefur verið upp sagnasíða á fjardabyggd.is með nánari upplýsingum og sagnaskjóðu.

Hverjir?
Grunnskólanemar í 7. til 10. bekk í Fjarðabyggð.

Hvað?
Safna gömlum sögum og minnum sem varðveist hafa um vætti í náttúrunni. Vætturinn eða vættirnir verða að tengjast náttúrunni í Fjarðabyggð.

Hvenær?
16. september til 2. október.

Hvernig?
Grunnskólunum er í sjálfsvald sett hvernig sagnasöfnunin fer fram innan tímarammans.

Verkefnið hefur fengið eigin síðu á fjardabyggd.is/dagurislenskrarnatturu.

Einungis er tekið er við sögum á vefsíðunni í þar til gerða sagnaskjóðu.

Ef óskað er eftir, heimsækir Anna Berg Samúelsdóttir, umhverfisstjóri, skólann á Degi íslenskrar náttúru og kynnir verkefnið.

Verðlaun
Þrír heppnir sagnaritarar verða dregnir út og fá vættarverðlaun. Allar innsendar sögur verða birtar á vefnum.